

## Ábending frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar

**Til** : Eyrún Rafnsdóttir;hh@fjallabyggd.is <hh@fjallabyggd.is>  
**Frá** : Theódóra Sigurðardóttir <theodora.sigurdardottir@gef.is>  
**Heiti** : Ábending frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar  
**Málsnúmer** : 201903089  
**Málsaðili** : Velferðarráðuneytið  
**Skráð dags** : 18.10.2019 16:14:53  
**Höfundur** : Theódóra Sigurðardóttir <theodora.sigurdardottir@gef.is>

**Viðhengi** ATT00002.jpgATT00002.jpg  
ATT00001.jpgATT00001.jpg

Tilvísun í mál: FRN19070108

Komið þið sæl,

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar sinnir eftirliti fyrir hönd ráðherra með framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/ 1991, sbr. 3. gr. laganna, og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sbr. 4. gr. laganna.

Að gefnu tilefni bendir Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar á mikilvægi þess að til staðar séu verklagsreglur hjá sveitarfélögum sem taka til alvarlegra atvika í þjónustu við fatlað fólk. Slíkar reglur auka ekki einungis traust á þeirri þjónustu sem verið er að veita heldur tryggja einnig að skráning upplýsinga og gagna sé rétt og í samræmi við gildandi lög og reglur. Verklagsreglur sem taka til alvarlegra atvika í þjónustu við fatlað fólk er ráðstöfun í skilningi 16. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en þar segir:

Aðildarríkin skulu gera **allar viðeigandi ráðstafanir** á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, meðal annars með hliðsjón af kynbundnum þáttum slíkra athafna.

Bestu kveðjur,  
Theódóra

**Theódóra Sigurðardóttir, lögfræðingur / Legal Advisor**

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar / Care Quality Inspectorate for social services and child protection

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing